

**MINNISBLAÐ****Viðtakandi:** Skóla- og frístundaráð**Sendandi:** Helgi Grímsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs**Efni: Staðfesting starfsáætlana grunnskóla Reykjavíkurborgar skólaárið 2023 – 2024**

Samkvæmt 6. gr. laga um grunnskóla nr. 91/2008 er eitt af meginhlutverkum skólanefndar sveitarfélags að staðfesta starfsáætlun skóla ár hvert. Skóladagatöl eru hluti af starfsáætlun skóla. Skóladagatöl allra grunnskóla borgarinnar voru lögð fyrir skóla- og frístundaráð til staðfestingar á 256. fundi ráðsins 26. júní 2023 en starfsáætlanir eru nú lagðar fyrir skóla- og frístundaráð til staðfestingar.

Eftirfarandi grunnskólar í Reykjavík hafa skilað inn starfsáætlunum fyrir starfsárið 2023 -2024:

Austurmiðstöð: Árbæjarskóli Ártúnsskóli Borgaskóli Dalskóli Engjaskóli Foldaskóli Hamraskóli Húsaskóli Ingunnarskóli Klébergsskóli Norðlingaskóli Rimaskóli Selásskóli Sæmundarskóli Víkurskóli	Vesturmiðstöð: Austurbæjarskóli Barnaskóli Hjallastefnunnar Grandaskóli Hagaskóli Háteigsskóli Hlíðaskóli Landakotsskóli Melaskóli Skóli Ísaks Jónssonar Suðurhlíðarskóli Tjarnarskóli Vesturbæjarskóli Waldorfskólinn Sólstafir
Suðurmiðstöð: Breiðholtsskóli Fellaskóli Seljaskóli Hólabrekkuskóli Ölduselsskóli	Norðurmiðstöð: Álftamýrarskóli Breiðagerðisskóli Brúarskóli Fossvogsskóli Hvassaleitisskóli Laugarnesskóli Langholtsskóli Réttarholtsskóli Vogaskóli



Reykjavíkurborg

Samkvæmt 8. gr. laga nr. 91/2008 á skólaráð hvers grunnskóla að fjalla um árlega starfsáætlun skólans. Skólaráð grunnskólanna fjalla um starfsáætlanir og er gengið markvisst eftir því að þær skili sér. Starfsáætlanirnar hafa verið lesnar yfir af fagstjórum grunnskóla í borgarmiðstöðvum með hliðsjón af til þess gerðum gátlista. Skólastjórar munu fá gátlistana senda þegar starfsáætlanirnar hafa verið samþykktar og geta stuðst við þá við endurskoðun starfsáætlana fyrir næsta skólaár.